

85. fundur

85. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja og Markaðsstofu Reykjaness haldinn í fundarsal S.S.S., Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbær, mánudaginn 17. maí 2021, kl. 8:00.


Mætt: Sigurgestur Guðlaugsson, Fannar Jónasson, Ásgeir Eiríksson, Magnús Stefánsson, Guðmundur Pétursson, Sigrún Ásta Elefsen og Berglind Kristinsdóttir. Fundargerð ritaði Berglind Kristinsdóttir.

Pálmi Freyr Randversson boðaði forföll.

Dagskrá:

- 1. Samningur Íslandsstofu og Markaðsstofu Reykjaness. ÁB: PHAB.**
Íslandsstofa og Markaðsstofa Reykjaness hafa undirritað samning um samstarf um kynningu á Reykjanesi. Aðilar hafa komið sér saman um forgangsröðun verkefna. Snúa þau að upplýsingarmiðlun, samstarfi vegna fjölmiðla, samfélagsmiðlum, vefmálum, myndum, markaðsefni, vinnustofum, sýningum, FAM ferðum og almannatengsl í krísu. Samningurinn gildir til 31. desember 2023.
- 2. Fræðslumál í ferðaþjónustu – samstarfssamningar/viljayfirlýsing. ÁB: PHAB.**
Fyrir liggja drög að samstarfslýsingu á milli Hæfnisseturs ferðaþjónustunnar og Áfangastaðastofu Reykjaness. Heildarmarkmið samnings er m.a. að efla hæfni og fagmennsku í greininni. Að vinna að þróun lausna, upplýsa og miðla. Stefnt er að því að lokaútfærsla á samstarfi liggja fyrir á árinu.
Stjórnir Heklunnar og MR fagna þessari samstarfsyfirlýsingu og fela verkefnastjóra að vinna málið áfram.
- 3. Afrit af minnisblaði starfshóps um uppbyggingu á gossvæði í Fagradalsfjall. ÁB: PHAB.**
Lagt fram til kynningar. FJ sagði frá starfi starfshópsins.
- 4. Uppfærð samantekt Íslandsstofu vegna eldsgossins í Fagradalsfjall. ÁB: PHAB.**
Íslandsstofa hefur tekið saman umfjöllun um eldgosíð. PHAB fór yfir samantektina. Uppsafnaður lestur fréttu um gosíð er 30 milljarðar skipti og áætlað virði er 8 ma.kr. Verkefnastjóra falið að senda skýrsluna á starfsmenn sveitarfélaganna til upplýsinga.
- 5. Hefjum störf – Störf með stuðningi. ÁB: BK.**
Stjórn S.S.S. hefur samþykkt að taka þátt í verkefninu með því að óska eftir stöðugildum í gegnum verkefnið Hefjum störf og Sumarstörf fyrir námsmenn. Óskað hefur verið eftir heimild til ráðningar frá VMST og er gert ráð fyrir því að starfsmaður í gegnum verkefnið Hefjum störf komi til vinnu í þessari viku.

Stjórn Heklunnar og Markaðsstofu Reykjaness hvetja fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök til að taka þátt í „Hefjum störf“.



6. **Atvinnuleysistöður.**

Atvinnuleysi á Suðurnesjum var 21,6% í apríl mánuði. Landsmeðaltalið er 10,4%. Á Suðurnesjum fækkaði atvinnulausum um 130 en alls voru 3.164 einstaklingar án átvinnu. Skiptingin á milli sveitarfélaga var eftirfarandi:

- Grindavík 274 einstaklingar (óbreytt frá fyrra mánuði).
- Reykjanesbær 2.480 einstaklingar (fækkaði um 115 frá fyrra mánuði).
- Suðurnesjabær 303 einstaklingar (fækkaði um 14 frá fyrra mánuði).
- Sveitarfélagið Vogar 107 einstaklingar (fækkaði um 1 frá fyrra mánuði).

Atvinnuleysi meðal kvenna var 25% á Suðurnesjum í apríl mánuði en 19,4% meðal karla.

Ekki voru önnur mál á dagskrá.

Fleira ekki gert og fundi slitið 8:50.

